



BA ritgerð

Þjóðfræði

„Þá gerist galdurinn“

Miðaldadagarnir á Gásum sem hátíð

Baldur Bergsveinsson

Kristinn Schram
Október 2021



HÁSKÓLI ÍSLANDS
FÉLAGSVÍSINDASVIÐ

FÉLAGSFRÆÐI-, MANNFRÆÐI-
OG ÞJÓÐFRÆÐIDEILD

„Pá gerist galdurinn“
Miðaldadagarnir á Gásum sem hátíð

Baldur Bergsveinsson

Lokaverkefni til BA-gráðu í þjóðfræði

Leiðbeinandi: Kristinn Schram

12 einingar

Félagsfræði-, mannfræði- og þjóðfræðideild

Félagsvísindasvið Háskóla Íslands

október, 2021

”Þá gerist galdurinn”

Ritgerð þessi er lokaverkefni til BA í þjóðfræði
og er óheimilt að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi rétthafa.
© Baldur Bergsveinsson, 2021

Reykjavík, Ísland, 2021

Útdráttur

Á árunum 2003 til 2019 voru haldnir Miðaldadagar á Gásum í Eyjafirði. Miðaldadagarnir voru haldnir þriðju helgina í júlí öll þessi ár. Á Gásum komu saman annars vegar þátttakendur í miðaldafötum og hins vegar gestir sem borguðu sig inn. Það ríkti mikil gleði á meðan dagarnir stóðu yfir og margir meðlimir litu á Miðaldadagana sem hátíð. Í þessari ritgerð er gerð grein fyrir því hvað einkennir hátíðir. Til þess er bæði litið á skilgreiningar þjóðfræðinga á hvað skilgreinir þær og hópana sem halda þær. Þá er litið til þess hvað einkennir sviðslist eða performans innan hátíða auk grótesku og karnivalískra einkenna innan þeirra. Með þessi fræðilegu hugtök, ásamt gögnum úr sex viðtölum sem voru tekin með eiginlegri viðtalstækni, eru Miðaldadagarnir á Gásum rannsakaðir og skoðað hvað einkennir þá sem hátíð. Í greiningu viðtalanna eru frásagnir af sviðslistinni sem átti sér stað á Gásum, ströngum hegðunarreglum og hvernig þær voru látnar fjúka eftir lokun svæðisins þegar gestirnir voru farnir. Greiningin bendir til að Miðaldadagarnir á Gásum hafi mörg einkenni hátíða og að eftir lokun hafi ríkt karnivalískt ástand sem einkenndist meðal annars af grótesku.

Formáli

Einn helsti kostur þjóðfræðinnar er hve fjölbreytt hún er. Í náminu hef ég lært um sagnahefðir, tónlist og af hverju fólk hlær, svo örfá dæmi séu nefnd. Þessi kostur varð hinsvegar að vandamáli þegar kom að því að velja rannsóknarefni fyrir B.A. ritgerð. Ég fékk allskonar hugmyndir að umfjöllunarefnum yfir námsferilinn og fram á síðustu stundu. Ég spurði mig sífellt hvaða áfangar mér hefðu þótt skemmtilegastir í skólanum og hvað ég gæti skrifað um sem væri tengt þeim.

Ég endaði á að spyrja mig frekar hvað mér þætti skemmtilegast utan skólans, ég gæti nú sennilega skrifað eitthvað um það. Það var þannig sem ég ákvað að skrifa um Miðaldadagana á Gásum en þeir voru hápunktur sumarsins hjá mér þau ár sem þeir voru. Meðal þátttakenda á miðaldadögum eru Miðaldadagarnir oft kallaðir Gásahátíðin og eftir að ég byrjaði að læra þjóðfræði og kynntist hugtakinu „hátíð“ hafði ég stundum velt fyrir mér hvort það ætti rétt á sér. Ég ákvað því að spyrja rannsóknarspurningarinnar: Voru Miðaldadagarnir á Gásum hátíð. Ég hafði örlitlar áhyggjur af því að rannsóknin yrði erfið en ég hafði aldrei tekið áfanga um hátíðir.

Því verð ég að þakka leiðbeinandanum mínum Kristni Schram fyrir að hafa komið mér á sporið þegar kom að heimildaleit og fyrir að hafa verið góður stuðningur þegar ritgerðin reyndist erfið. Einnig vil ég þakka foreldrum mínum fyrir endalausan yfirlestur og ömmu minni fyrir að hafa leyft mér að sitja hjá henni og skrifa þegar verkið reyndist taka langan tíma og dragast fram á haust. Að lokum vil ég svo þakka viðmælendum mínum en án þeirra hefði þessi ritgerð aldrei orðið að veruleika.

Efnisyfirlit

Útdráttur.....	3
Formáli.....	4
1 Inngangur	7
2 Hugtök og kenningar.....	9
2.1 Hópar.....	9
2.2 Samfélagsnet.....	10
2.3 Hátíð.....	12
2.4 Karnival og gróteska.....	13
2.5 Sviðlist - performans	15
3 Rannsóknaraðferðir	17
3.1 Viðmælendur	17
3.1.1 Kristín Sóley Björnsdóttir	19
3.1.2 Beate Stormo	20
3.1.3 Jón Gestur Björgvinsson.....	20
3.1.4 Ásrós Helga Guðmundsdóttir.....	20
3.1.5 Jónína Björg Magnúsdóttir.....	20
3.1.6 Þráinn Ingólfsson.....	20
4 Greining	22
4.1 Upplifun af Gásam	22
4.1.1 Beate	22
4.1.2 Jón Gestur	23
4.1.3 Ásrós.....	23
4.1.4 Jónína	23
4.1.5 Þráinn	24
4.1.6 Samantekt á svörum viðmælenda um hvað þeim finndist Gásir vera.....	24

4.2 Sviðslist - Performans.....	24
4.3 Strangar reglur á Gásum	26
4.4 Eftir lokun.....	29
4.5 Hátíð, karnival og gróteska	30
5 Lokaorð	32
Heimildaskrá	34

1 Inngangur

Þýðing Gása er í hugum nútímafólks bundin sögulegu hlutverki þeirra. Við Gáseyri við Eyjafjörð, um 10 km norðan Akureyrar, var einn aðal verslunarstaður Norðlendinga frá landnámi fram til um ársins 1500. Talið er að á þessum tíma hafi skip sem komu með erlendan varning lagst að landi og heimamenn á Norðurlandi selt vöru til útflutning eins og vaðmál, brennistein og fleira. Ekki er talið að það hafi verið föst byggð á þessum verslunarstað heldur hafi menn hafst þar við í tjöldum og má leiða að því líkum að þarna hafi verið margt fólk saman komið þegar skipin komu að landi og þá verið líf og fjör. Á Gáseyrinni er fornleifasvæði þar sem hafa fundist fornmunir frá verslunarstaðnum (Adderley, Harrison & Roberts 2008, 102-103). Í seinni tíð hafa svo verið framkvæmdar fornleifarannsóknir á svæðinu.

Segja má að upphafið að núverandi starfsemi á Gásum hafi verið árið 2003. Þá var unnið við fornleifauppgröft á svæðinu og var almenningi boðið að koma og fylgjast með. Þá var fornleifafræðingur ofan í holunni, hann sýndi áhorfendum vinnubrögð sín og svaraði spurningum. Til þess að fá aðeins meira líf á svæðið voru fengnar þrjár handverkskonur til að vinna miðaldahandverk á svæðinu (BB1-2020). Þessar handverkskonur, ásamt fleira áhugafólki um handverk, föt og menningu miðalda, komu saman á Gásum næstu sumur og stóðu fyrir Miðaldadögunum á Gásum. Á Gásum var lagt upp úr að skapa trúverðuga miðaldastemmingu fyrir fyrri gesti hátíðarinnar þar sem þátttakendur, oft nefndir Gásverjar, voru klæddir að hætti miðaldafólks. Fyrstu fimm árin voru Miðaldadagarnir haldnir á fornleifasvæðinu en það hentaði illa enda svæðið friðlýst (BB1-2020). Samhliða því sem viðburðurinn stækkaði og dafnaði var hann fluttur af fornleifasvæðinu á nýjan og betri stað rétt utan við fornminjasvæðið (BB1-2020). Miðaldadagarnir á Gásum voru haldnir þriðju helgina í júlí, á hverju ári frá 2003 til 2019 en það ár var það síðasta, enn sem komið er.

Sjálfur tók ég þátt á Gásum frá 2008 til 2019 og var það hápunktur hvers sumars. Fólk víða af landinu kom saman og eyddi helgi úti í leikjum og samveru sem einkenndist af gleði og því sem kalla mætti hátíðleika. En voru Miðaldadagarnir á Gásum hátíð samkvæmt fræðilegum skilgreiningum og hvað einkenndi hana sem slíka? Til að svara þeirri spurningu var ráðist í viðtalsrannsókn en hér verður farið yfir helstu hugtök og kenningar er koma að gagni við slíka rannsókn. Þá verður meðal annars farið yfir skilgreiningar á hópum, sviðlist eða performans, hátíðum og grótesku. Einnig verða helstu rannsóknaraðferðir félagsvísindanna, eigindlegar og megindlegar, kynntar til sögunnar og kostir þeirra og gallar kannaðir. Viðmælendurnir sem ég

ræddi við fyrir rannsóknina verða kynntir til sögunnar og sagt frá viðtölunum við þá í stuttu máli. Að lokum verða viðtölin greind með hugtökunum úr fyrsta hluta ritgerðarinnar og farið yfir hvað einkenndi Gásir sem hátíð.

2 Hugtök og kenningar

Í þessum kafla verður farið yfir þau hugtök og kenningar sem notast var við í þessari rannsókn. Til að byrja með verður fjallað um hugtakið hópar eins og Alan Dundes og Dan Ben-Amos skilgreina þá, einnig verða samfélagsnet útskýrð en þau eru töl sem eru notuð til þess að skoða hópa. Hátíðir verða skilgreindar og í framhaldi af því karnival og gróteska. Að lokum verður sviðslist eða performans útskýrður.

2.1 Hópar

Þegar kemur að þjóðfræðirannsóknum eru nokkur grunnhugtök sem eru oft notuð og þessi ritgerð er þar engin undantekning. Eitt af þessum hugtökum er hópar. Einfalt orð í daglegu tali en þó er mikilvægt að gera grein fyrir fræðilegri skilgreiningu þess. Í tilraun sinni til þess að útskýra þjóðfræði (e. *folklore*) skilgreinir bandaríski þjóðfræðingurinn Alan Dundes *folk*-ið í *folklore* eða þjóð-ina í þjóðfræði sem hóp af fólki sem deilir í það minsta einu sameiginlegu atriði (Dundes 1965, 2). Þessi skilgreining er auðskilin og þægileg. Hópur getur verið allt frá því að vera tveir einstaklingar sem t.d. eiga sömu foreldra og allt upp í að vera milljónir manna sem eiga það sameiginlegt að vera t.d. fæddir í sama landi. Annað atriði sem Dundes nefnir sem einkennir hópa er að þeir eigi sameiginlegar hefðir (Dundes 1965,2). Þessi hefð getur verið einkabrandari systkina eða hefðbundinn matur þjóðar. Meðlimur hóps þarf sem sagt alls ekki að þekkja alla meðlimi hópsins en það má reikna með því að hann sé meðvitaður um hefðir hans og venjur (Dundes 1965, 2). Þó að Alan Dundes gefi góðan grunn þegar kemur að því hvað einkennir hópa eru ekki allir fræðimenn sammála honum. Þar má nefna þjóðfræðinginn Dan Ben-Amos sem í sinni tilraun til að endurskilgreina þjóðfræði kemur með strangari hugmyndir um hópa en þær sem Dundes hafði.

Samkvæmt Ben-Amos er ekki nóg að fólk deili einu sameiginlegu atriði og eigi sameiginlegar hefðir. Þvert á það sem Dundes vildi meina segir Ben-Amos að til þess að hægt sé að tala um hóp þurfi allir meðlimir hópsins að eiga samskipti sín á milli. Hópurinn þarf að vera nógu lítil til að allir innan hópsins geti átt persónuleg samskipti (Ben-Amos 1972, 12). Í samanburði við skilgreiningu Dundes myndi systkinahópurinn ennþá teljast hópur í skilgreiningu Ben-Amos en heil þjóð ekki. Ef við berum þessar skilgreiningar á hópum saman við þessa rannsókn hentar skilgreining Dundes betur. Hópurinn sem um ræðir er oft kallaður Gásverjar, þ.e. þátttakendur Miðaldadaganna á Gásum, fólkið sem klæddi sig upp í miðaldaföt og var til sýnis, passar ágætlega við skilgreiningu Ben-Amos. Þótt að hópurinn sé nokkuð stór, í kringum hundrað einstaklingar, þá komu þeir saman á hverju ári og fengu tækifæri til að

hittast í eigin persónu. Fólkið í þessum hópi tilheyrir hins vegar ýmsum öðrum hópum sem eru of stórir til að teljast hópar samkvæmt skilgreiningu Ben-Amos. Gásverjar eru karlar og konur, ungt fólk og gamalt, Norðlendingar og Sunnlendingar og lengi mætti áfram telja. Svo má ekki gleyma hópaskiptingunni á milli Gásverja og gesta, hún er ekki síður mikilvæg. Þessir hópar eru allt of stórir til að teljast til hópa samkvæmt skilgreiningu Ben-Amos en þeir eru engu að síður mikilvægir. Með það í huga verður skilgreining Dundes frekar notuð við þessa rannsókn. Þegar búið er að skilgreina hugtakið hópar er næst að fjalla um hvernig megi greina þá frekar.

2.2 Samfélagsnet

Samfélagsnet (e. *social network*) er hugtak sem getur verið mjög gagnlegt í umfjöllun um hópa. Samfélagsnet er í rauninni verkfæri sem er notað til þess að skoða hópa. Ferlið er þannig að einstaklingur er valinn sem miðpunkturinn sem hópurinn er skoðaður út frá og tengingar hans við meðlimi hópsins skoðaðar (Noyes 2016, 27). Við þessar athuganir geta ýmis munstur komið í ljós. Hér mun ég nota sjálfan mig sem miðpunkt og skoða tengsl mín við aðra meðlimi Gásahópsins til þess að varpa ljósi á þessi munstur. Í fyrsta lagi getur tengingin verið á fyrsta eða öðru svæði (e. *first, second order zone*), fólk í fyrsta svæðinu þekkist persónulega en þeir sem eru í svæði tvö þekkir fólk sem þekkir fólk (Noyes 2016, 27). Ég hitti alla Gásverja í það minnsta einu sinni á ári og þekki því alla persónulega, þær tengingar eru því í fyrsta svæði.

Hópa má einnig skilgreina eftir því hversu vel fólk þekkist í meiri eða minni þéttleika (e. *Greater, lesser density*), eins og nafnið gefur til kynna, segir munstrið til um hversu þétt netið er. Í þéttu neti þekkjast allir eða flestir, í gisnara neti þekkjast ekki allir (Noyes 2016, 27-28). Rétt eins og ég þekki alla í Gásahópnum, þar sem ég hitti hann á hverju ári, má reikna með því að allir eða í það minsta flestir í honum þekki hvor aðra líka. Netið myndi því teljast þétt. Annað munstur, en skylt hinum tveimur, snýr að því hvernig við skilgreinum hvar einstaklingurinn, til dæmis ég sjálfur, er staðsettur innan hópsins. Einnig má spyrja hvort einstaklingurinn tilheyrir miðjunni eða jaðrinum (e. *centrality or peripherality*). Einstaklingur sem er miðsvæðis þekkir alla aðra meðlimi hópsins en sá sem er á jaðrinum þekkir aðeins hluta hans (Noyes 2016, 28). Eins og hefur komið fram í síðustu tveimur munstrum þekkjast meðlimir Gásahópsins allir og ég er þar að leiðandi miðsvæðis í hópnum.

Að lokum eru það þyrpingar (e. *clustering*) en í samfélagsnetinu má finna önnur minni net, eins og kjarnafjölskyldu innan stórfjölskyldunnar (Noyes 2016, 28). Innan Gásahópsins eru einmitt margar þyrpingar. Ég er t.d. hluti af þyrpingu Eyfirðinga og þyrpingunni sem er

fjölskyldan mín sem eru bæði þyrpingar innan netsins sem er Gásahópurinn. Þegar búið er að átta sig á munstrum innan samfélagsneta er næst að skoða hver tengsl meðlima í netinu eru. Í fyrsta lagi geta þau verið margþætt eða einþætt (e. multiplexity or single-stranded) (Noyes 2016, 26). Sem dæmi gætu tengsl mín við Gásverja að sunnan verið einþætt, það eina sem tengir okkur er að við erum Gásverjar. Tengsl mín við frænda minn eru aftur margþætt. Við erum báðir Gásverjar, báðir meðlimir í sömu fjölskyldu og hittumst reglulega fyrir utan Gásasamfélagið.

Samhengið (e. content) getur verið mismunandi (Noyes 2016, 28). Í öllum tengslum mínum innan Gásahópsins er samhengið, í það minnsta að einhverju leiti, það sama. Tengslin hafa öll það samhengi að við erum Gásverjar, sum tengslin hafa þó annað samhengi líka. Tengslin við einn einstakling hafa það samhengi að við erum báðir Gásverjar en við annan einstakling er samhengið það að við erum feðgar. Tíðni (e. frequency) og lengd (e. duration) tengslanna skipta líka máli, hversu oft og hversu lengi hittast einstaklingarnir (Noyes 2016, 28). Flesta meðlimi Gásahópsins hitti ég aðeins einu sinni á ári og bara yfir eina helgi, þ.e. á meðan Miðaldadagarnir stóðu yfir. Við þá er tíðni og lengd tengslanna lítil og stutt. Suma meðlimi hópsins eins og t.d. fjölskyldu mína hitti ég næstum hvern einasta dag, þar er tíðnin há og lengdin löng.

Tilfinningalegur ákafi (e. affective intensity) tengslanna snýst um það hversu náin tengslin eru. Það eru góðar líkur á því að það sé meiri tilfinningalegur ákafi milli feðgina en milli samstarfsmanna (Noyes 2016, 28). Það er mikill tilfinningalegur ákafi í mörgum tengsla minna í Gásahópnum og þá fyrst og fremst til þeirra sem eru fjölskyldumeðlimir mínir. Það er hins vegar viðbúið að ákafi tengsla minna við það fólk sem ég hitti bara einu sinni á ári sé fremur lítill. Þá má nefna skiptingu gæða og ýmis réttindi og skyldur því tengdu (e. exchange rights and obligations) og hvert vörur og þjónusta stefna í samböndum. Þannig eru staða og völd aðila ólík: Einn aðili kann að vera þjónustuaðili en hinn viðskiptavinur; annar umsjónarmaður en hinn sem skjólstæðingur; eða báðir samstarfsmenn (Noyes 2016, 28). Tengsl mín við aðra Gásverja myndu teljast til jafningjatengsla. Samskipti í hópnum einkennast af samvinnu og engin starfaði að einhverju leiti fyrir annan. Ef við skoðum hins vegar tengsl mín við gesti Gásahátíðarinnar myndi ég sem Gásverji hafa gefið gestunum þjónustu mína. Þar má nefna sem dæmi bogfimi sem var í boði á svæðinu. Ég sá oft um að kenna gestum að skjóta af boganum og veitti þeim þannig þjónustu mína. Samfélagsnet eru gagnleg tól til þess að skoða

hópa og stöðu einstaklinga innan þeirra. Ekki er hægt að nota skilgreiningar samfélagsneta í staðinn fyrir skilgreiningar á hópum enda er hópurinn í rauninni til innan samfélagsnetanna.

2.3 Hátíð

Ef svara á þeirri spurningu sem lagt var upp með, hvort Miðaldadagarnir á Gásum geti talist hátíð, þarf fyrst að skoða hvað hátíð er. Orðið sjálf gefur ákveðnar upplýsingar um það. Þetta er tíð eða tími sem er hár eða upphafinn, þ.e. í samanburði við venjulegan tíma. Í nútímamálsorðabók stofnunar Árna Magnússonar er hátíð lýst sem „stund, dagur eða lengri tími sem haldinn er til minningar eða skemmtunar“ (hátíð, 2021). Aðrar orðabækur gefa svipaða skilgreiningu á orðinu. Í orðabók Oxford er hátíð (e. festival) lýst sem tímabili þar sem fólk hættir í vinnu til þess að fagna ákveðnu atviki, oft trúarlegu (festival (a), 2021). Cambridge orðabókin gefur sömu skilgreiningu og Oxford en bætir við að oft sé ákveðinn matur eða athafnir tengdar hátíðinni (festival (b), 2021). Ef skilgreiningar þessara orðabóka eru teknar saman má sjá að hátíðir eru á ákveðnum tíma, þeim fylgir gleði, þær eru haldnar til að fagna ákveðnum atvikum, oft trúarlegum og oft er mikill matur eða sérstakar athafnir sem fylgja hátíðum. Þessar lýsingar stemma ágætlega við almennar hugmyndir um hátíðir en það borgar sig að grafa dýpra í skilgreiningum á hvað hátíð er.

Bandaríski þjóðfræðingurinn Beverly J. Stoeltje lýsir hátíðum þannig að þær „eigi sér stað á föstum tíma á dagatalinu, með reglulegu millibili, þær eru ætlaðar almenningi, þátttaka er lykilatriði, þær eru flóknar í uppbyggingu og fjölpættar í rödd, umhverfi og tilgangi“¹(Stoeltje, B. 1992, 261). Þessi lýsing bætir ýmsu við skilgreininguna á hátíð. Hátíðir fylgja dagatalinu, eiga sér stað á föstum tíma, þær eru ætlaðar almenningi og byggjast á þátttöku. Þær eru flóknar og fjölpættar í uppbyggingu, tjáningu og tilgangi. Stoeltje tekur líka fram sex atriði sem koma fram í flestum hátíðum sem nú verða skoðaðar í ljósi Miðaldadagana á Gásum. Fyrsta er opunarathöfn (e. opening ceremony). Hún getur verið einföld eða flókin, svo lengi sem hún sýnir ákveðna þátttakendur í hátíðinni, oft klædda í búning, sem gefa í skyn gildi og uppbyggingu samfélagsins á hátíðinni (Stoeltje, B, 1992, 264). Það tíðkaðist á Gásum að rétt eftir opnun fyrsta dagsins las einn Gásverji upp reglur verslunarstaðarins og setti þannig hátíðina. Þótt hún hafi verið einföld þá myndi þetta teljast opunarathöfn. Næst er helgiathöfn (e. ritual), þessi liður á helst við um trúarlegar hátíðir, athöfnin getur átt sér stað

¹ „They occur at calendrically regulated intervals and are public in nature, participatory in ethos, complex in structure and multiple in voice scene and purpose“

á veraldlegum hátíðum líka, t.d. táknræn krýning þátttakenda (Stoeltje, B. 1992, 264). Helgiathöfnin stemmir illa við Gási. Gásir voru ekki trúarleg hátíð og dæmin sem Stoeltje gefur um það hvernig athöfnin getur átt sér stað við ótrúarlega hátíð passar ekki vel við Gásir heldur. Þriðja atriðið er drama og keppni (e. drama and contest). Á hátíðum er oft mikið um spennu og átök, drama og keppnir eru tól til þess að losa um þessa spennu og leysa deilur (Stoeltje, B. 1992, 264-265). Á Gásum áttu sér stað bæði dramatískir leikþættir og keppt var í ýmsum leikjum og íþróttum. Þetta var þó varla gert til að losa um neina spennu eða leysa átök (BB1-2021).

Fjórða atriðið er veisla (e. feast), á hátíðum er oft mikið um mat og drykk, maturinn er þá oftast en ekki sameiginlegur og fólk borðar saman. Maturinn er líka oft tengdur hátíðinni, nokkurskonar einkennismatur hátíðarinnar (Stoeltje, B. 1992, 265). Á Gásum var elduð kjötsúpa og bakað brauð. Þessi matur var ætlaður öllum Gásverjum og uppskriftin sérhönnuð fyrir Miðaldadagana (BB2-2020). Fimmta atriðið er dans og tónlist (e. dance and music). Þetta atriði lýsir sér nokkuð sjálft en á hátíðum er oft mikið um dans og tónlist, stundum trúartengt en stundum bara til skemmtunar (Stoeltje, B. 1992, 265). Á Gásum mátti oft heyra flautuleik þar sem flautusmiðurinn prófaði flauturnar sínar, þá voru líka söng- og tónlistaratriði og stundum dansaðir hópansar (BB5-2020). Að lokum er hátíðinni lokað (e. concluding the event). Öfugt við opunaratriðið enda hátíðir ekki skipulega. Þær fjara út og detta í óskipulagða leiki, drykkju, samskipti og jafnvel grótesku (Stoeltje, B. 1992, 265-266). Þetta stemmir nokkurn veginn við Gási en þó ekki að fullu. Eins og Stoeltje lýsir þá enduðu Miðaldadagarnir ekki með ákveðinni athöfn. Þess í stað fjöruðu þeir út þegar þátttakendur tíndust af svæðinu einn í einu síðasta daginn. Almenn fjöruðu Gásir þó ekki út í þessa grótesku sem Stoeltje lýsir, í það minnsta ekki lokadaginn þegar miðaldadögumum lauk.

Þessi atriði sem Stoeltje, ásamt skilgreiningum orðabóka, gefa góða mynd af því hvað einkennir hátíðir og ætti að hjálpa til við að svara því hvernig Miðaldadagarnir á Gásum geti talist hátíð. Það eru þó nokkur hugtök til viðbótar sem eru gagnleg í þessari rannsókn.

2.4 Karnival og gróteska

Árið 1965 gaf rússneski heimspekingurinn Mikhail Bakhtin (1895-1975), út bókina *Rabelais and His World*, þar sem hann skoðaði verk François Rabelais sem var rithöfundur frá endurreisnartímanum. Í þessari bók fjallaði Bakhtin bæði um karnival og grótesku (e. *Grotesque*). Hér verða þessi hugtök skoðuð.

Karnival er, í sinni einföldustu mynd, hátíð en ekki eru allar hátíðir karnivalískar. Bakhtin gerir greinarmun á opinberri hátíð (e. *official feast*) og karnivali. Opinberar hátíðir voru almennt haldnar af kirkjunni, krúnunni eða öðrum opinberum aðilum. Tónninn var almennt alvarlegur, þær byggðu á því stöðuga og eilífa í lífinu, eins og trúnni og lénskerfinu, þær litu á fortíðina og notuðu hana til að styrkja nútíðina (Bakhtin 1984, 9). Það er mikilvægt að hafa í huga að Bakhtin var að fjalla um opinberar hátíðir á miðöldum. Það þýðir þó ekki að hugmyndir hans um opinberar hátíðir eigi ekki við í dag. Jólin, sem dæmi, eru skipulögð af kirkjunni, upp að vissu marki og yfir þeim ríkir ákveðin alvara. Þau stemma ef til vill ekki alveg við opinberar hátíðir miðaldanna eins og Bakhtin lýsir þeim en þau myndu að öllum líkindum teljast opinberar hátíðir í dag.

Karnivalið, í samanburði við opinberu hátíðirnar, var frekar hátíð fólksins, almennings hátíð. Á miðöldum lifði fólk tvöföldu lífi, hinu alvarlega og opinbera annarsvegar og hinu óalvarlega og karnivalíska hinsvegar, þessar mismunandi heimsmyndir fólks lifðu saman í undirmeðvitund þess (Bakhtin 1984, 96). Í karnivalinu ríkti þessi óalvarlega hlið fólks, karnivalið var nokkurskonar tímabundið frelsi frá ströngum reglum hins opinbera lífs (Bakhtin 1984, 10). Í karnivalinu var lífinu snúið á hvolf, lágstéttin reis upp og hástéttin féll, hið líkamlega og gróteska réði ríkjum (Bakhtin 1984, 10-11, 18-19). En hvað er gróteska? Samkvæmt Oxford orðabókinni er *grotesque* eitthvað sem er mjög ljótt og skrítíð, á þann veg að það er óþægilegt, ógnvekjandi eða fyndið (*grotesque*, 2021). Þessi skilgreining gefur ágæta hugmynd um það hvað gróteska er en á ekki vel við grótesku tengda karnivali. Þvert á þessa skilgreiningu mætti líta á grótesku karnivalsins sem jákvætt afl. Samkvæmt Bakhtin er gróteska upphafning þess líkamlega og ef til vill þess ósmekklega. Matur, áfengi, líkaminn og kynlíf getur þannig verið hafið upp með gróteskunni með fjölbreyttum hætti (Bakhtin 1984, 62). Gróteskan er nokkurskonar svar við því sem er ríkjandi en sem dæmi má taka *hátíð fíflanna* (f. *fête des fous*) sem haldin var í Frakklandi:

Næstum allir helgisiðir í hátíð fíflanna eru grótesk afhelgun hinna ýmsu helgisiða og tákna kirkjunnar sem eru færð niður á hið efnislega og líkamlega stig : stunda ofát, drykkju og kynsvall á altarinu, hafa uppi dónalegt látbragð og afklæðast (Bakhtin 1984, 74-75).²

² Nearly all the rituals of the feast of fools are a grotesque degradation of various church rituals and symbols and their transfer of the material bodily level: gluttony and drunken orgies on the altar table, indecent gestures, disrobing.

Þættirnir sem eru gróteskir á hátíð fíflanna eru það í samhengi strang kristins samfélagsins sem hátíðin var haldin í. Gróteskan, eins og áður kom fram, er svar við ríkjandi reglum samfélagsins. Því geta aðrir þættir talist gróteskir sem svör við almennum reglum annarra samfélaga. Að vera nakinn á almannafæri líðst ekki í nútímasamfélagi á Íslandi. Nekt myndi því teljast grótesk og gæti verið hluti af karnevalískri hátíð. Í ýmsum menningarhópum, víða um heim, tíðkast hins vegar annar klæðaburður en á Íslandi sem ef til vill sýnir meiri nekt en væri ásættanlegt hér. Í þessum samfélagshópum væri allsnekt ekki gróteska sem slík og því ekki karnivalísk. Mikhail Bakhtin byggði rannsókn sína á bókum frá miðöldum. Það er því kannski viðeigandi að nota kenningar hans um miðaldahátíð. En þótt að fólkið á Gásam hafi klæðst miðaldafötum var það engu að síður nútímafólk. Það setti sig hins vegar í hlutverk sem það sýndi, eða performeraði, á svæðinu.

2.5 Sviðslist - performans

Enska hugtakið *performance* er mikilvægt fyrir þessa rannsókn. Snara.is, sem er rafræn orðabók, þýðir orðið sem: framkvæmd, flutningur, t.d. á tónleikum, eða afköst, t.d. vélar (Performance, 2021). Þótt þessar þýðingar séu góðra gjalda verðar fanga þær ekki hugtakið í allri sinni breidd. Orðið sviðslist hefur stundum verið notað yfir þetta hugtak. Það hentar mun betur en þær þýðingar sem að snara bíður upp á en er þó ekki gallalaust. Orðið gefur í skyn að leikurinn eigi sér stað uppi á sviði sem, eins og kemur fram í þessum kafla, á ekki alltaf við. Með þetta allt í huga verður annarsvegar notast við orðið sviðslist og hinsvegar orðið performans, sem er íslenskun á enska orðinu, til þess að lýsa þessu hugtaki.

Richard Schechner lýsir sviðslist sem endurtekinni- eða tvítekinni hegðun (e. *restored-twice behaved behaviors*), þ.e.a.s. hegðun sem hefur verið æfð (Schechner 2013, 28). Þetta felur bæði í sér þann performans sem fer fram í listinni og í daglegu lífi. Það er augljóst að dansari þarf að æfa sig fyrir sýningu, endurtaka sömu hreyfingarnar aftur og aftur. Æfingin sem liggur að baki þess hvernig fólk eldar, klæðir sig og talar er ekki eins augljós en er engu að síður til staðar (Schechner 2013, 28-29). Sviðslist getur bæði verið augljós, uppi á sviði, eða óræð í daglegu lífi. Schechner gefur lista með átta aðstæðum þar sem fólk performar. Í *daglegu lífi, í list, í íþróttum og annari poppskemmtun, í viðskiptum, í tækni, í kynlífi, við helgiathafnir og í leik* (Schechner 2013, 30-31). Aðstæður eitt, tvö, þrjú og átta eru þær sem eiga helst við í þessari rannsókn. Þær eru í: *í daglegu lífi, í list, í íþróttum og annari poppskemmtun og í leik*. Á Gásam lifðu Gásverjar raunar nokkuð eðlilegu lífi, samskipti þeirra á milli og við gesti voru nokkuð eðlileg. Þar með eiga fyrstu aðstæðurnar, *í daglegu lífi, við. Á*

Gásum mátti svo finna leikþætti, söng og dans, sem eiga við *listina*, fólk lék knattleik, sem á við *íþróttir*, og lýstu viðmælendur mínir því þannig að fólk hafi komið saman til þess að leika sér, sem fyllir í síðustu aðstæðurnar, *leikur*.

Í grein sinni um sviðslist fer Bandaríski mann- og þjóðfræðingurinn Richard Bauman betur út í hina augljósu sviðslist, sem á þá helst við um list, poppskemmtanir og leiki, af lista Schechner. Hann lýsir sviðslist eða performans sem útfærslu á ákveðinni framkvæmd (Bauman 1992, 41). Sem dæmi ná nefna hvernig tónlistarmaður útfærir lag sem hann les af nótum. Ef tölva er látin lesa nóturnar getur hún spilað rétta tóna á réttum tíma en það myndi þykja flatt. Hvernig tónlistarmaðurinn ákveður að gefa nótonum líf er performans. Bauman segir frá ákveðnum lyklum (e. *keys*) sem gefa það til kynna að performans sé í gangi eða sé að fara að byrja (Bauman 1992, 45). Dæmi um þessa lykla er inngangur að sögu, eins og: einu sinni var... eða varstu búin að fréttu af... (Bauman 1992, 45). Þegar áheyrendur heyra þennan inngang, vita þeir að nú sé saga og þar að leiðandi performans, að fara að byrja. Öðruvísi málfar, eins og rím og ákveðnar hreyfingar, er annað dæmi um lykla sem segja til um að performans sé í gangi (Bauman 1992, 45). Bauman fer líka yfir hluti í umhverfinu sem gefa performans í skyn. Þar má nefna afmarkað svið, búninga, grímur og ákveðinn tíma. Þetta á við um Miðaldadagana á Gásum í heild sinni. Þeir voru á afmörkuðu svæði, fólk klæddist í ákveðna búninga og svæðið opnaði og lokað á ákveðnum tíma á ákveðnum dögum.

Í bókinni *The presentation of Self in Everyday Life* fjallar kanadíska félagsfræðingurinn Erving Goffman meira um sviðslist í daglegum samskiptum fólks, óræða performansinn, sem var tekinn fram hér að ofan. Samkvæmt Goffman erum við alltaf að sækjast eftir upplýsingum um þá sem við eigum í samskiptum við (Goffman 1990,13). Ef maður hefur þessar upplýsingar veit maður hverju maður á að búast við frá þeim sem maður á í samskiptum við og hverju hann býst við frá manni (Goffman 1990, 13). Maður getur öðlast þessar upplýsingar af fyrri reynslu, staðalímyndum eða hvernig einstaklingurinn performerar sjálfan sig (Goffman 1990, 13-14). Sá sem performerar er með ákveðna mynd af sjálfum sér sem hann vill koma til skila (Goffman 1990, 15). Kannski vill hann að fólk upplifi sig sem traustan vin eða að hann sé klár eða vinsæll. Meðvitað eða ómeðvitað, performerar einstaklingurinn til þess að gefa fólki þessa ímynd af sjálfum sér (Goffman 1990, 14-15). Þessi performans er raunar alltaf í gangi og eins og Goffman segir, stundum ómeðvitað.

3 Rannsóknaraðferðir

Helstu rannsóknaraðferðir sem eru notaðar í félagsvísindum eru eigindlegar- (e. qualitative) og meginlegar (e. quantitative) rannsóknaraðferðir. Í meginlegri rannsókn er stór hópur tekinn fyrir og hann spurður spurninga sem krefjast stuttra svara en í eigindlegum er tekinn fyrir lítill hópur og hann spurður spurninga sem krefjast lengri svara (Yow 2005, 5). Báðar aðferðirnar búa yfir kostum og göllum. Þar sem meginlegar rannsóknir byggja á því að spyrja stóran hóp spurninga er erfitt fyrir rannsakandann að rýna djúpt í svörin sem hann fær. Það er margt sem getur haft áhrif á svörin og valdið ónákvæmni. Fólk gæti misskilið spurninguna, ekki vandað sig við svarið eða logið af einhverri ástæðu (Yow 2005, 5-6). Þetta getur allt valdið ónákvæmni í rannsókninni. Kosturinn við stutt svör og stóran hóp er að rannsóknin getur gefið ágætis heildarmynd af þeim hóp sem er verið að rannsaka (Yow 2005, 5).

Eins og hefur komið fram byggja eigindlegar rannsóknir á færri en lengri viðtölum. Lengri viðtölin gera rannsakandanum kleift að rýna betur í svörin sem hann fær og aðstoða viðmælendurna ef þeir eiga erfitt með að skilja eða misskilja spurningar (Yow 2005, 6). Í eigindlegum rannsóknum tíðkast að leyfa viðmælandanum að tala og segja frá hlutunum. Svona geta komið fram frásagnir sem að rannsakandinn hefði aldrei heyrt ef hann hefði krafist styttri svara (Sims, Stephens 2011, 214). Eigindlegar rannsóknir eru þó langt frá því að vera fullkomnar. Þar sem viðtölin eru löng er það óhjákvæmilegt að þau séu fá. Þar af leiðandi geta þau ekki gefið heildarmynd af hóp eins og meginlegar rannsóknir geta (Yow 2005, 6). Fyrir þessa rannsókn kaus ég að nota eigindlega rannsóknaraðferð. Það var því mikilvægt að finna góða viðmælendur sem þekktu vel til Gásahátíðarinnar.

3.1 Viðmælendur

Þegar kom að því að finna viðmælendur hafði ég úr nógu að velja. Ég er meðlimur í lokuðum *Facebook* hóp sem er ætlaður Gásverjum. Í þeim hópi eru rúmlega áttatíu meðlimir sem allir hafa, á einhverjum tímapunkti, tekið þátt í miðaldadögunum á Gásum, sem miðaldafólk. Ég hafði því góðan hóp til þess að velja úr og góða leið til þess að ná á þeim. Eitt af því sem ég passaði upp á í leit minni að viðmælendum var að hafa hópinn sem fjölbreyttastan. Ég reyndi að hafa nokkuð jafna dreifingu kynjanna, fólk á mismunandi aldri og svo reyndi ég að velja bæði fólk að norðan, sem þurfti ekki að ferðast fyrir Miðaldadagana og fólk frá öðrum landshlutum sem þurfti að leggja land undir fót fyrir Gásir. Ég reyndi svo að nýta mér þekkingu mína á Gásverjum til að velja málglæða einstaklinga sem væru líklegir til þess að gefa góð viðtöl. Ég hafði samband við og tók viðtal við sex Gásverja. Fjórar konur og tvo karla, þrjú að

norðan og þrjú annarstaðar af landinu, tvö ung og fjögur eldri. Það var þó margt sem þurfti að hafa í huga við valið á viðmælendum. Ég þurfti meðal annars að meta hvort væri mikilvægara að viðmælendurnir pössuðu í þessa flokka sem ég nefndi hér að ofan eða hvort að þeir væru málgláðir og hefður frá miklu að segja. Þrír af viðmælendum mínum, þær Kristín Sóley, Jónína og Beate, hafði ég samband við af því að ég vissi að þær hefðu frá nógu að segja og í tilfelli Kristínar og Beate af því að þær höfðu verið með á Gásum frá upphafi.

Með þessa þrjá viðmælendur var ég kominn með helminginn af þeim sex viðmælendum sem ég ætlaði að tala við og þær voru allar konur af eldri kynslóðinni, um fimmtugt, tvær að norðan og ein frá Akranesi. Hinir viðmælendur mínir þurftu því helst að vera karlar, helst af yngri kynslóðinni og helst utan af landi. Með þetta í huga þurfti ég að hafa samband við Gásverja sem ég þekkti ekki eins vel og gat ekki verið viss um hversu málgláðir þeir voru. Ég vildi hins vegar ekki heldur tala við fólk sem ég þekkti of vel. Ég hefði getað tekið viðtöl við foreldra mína, systkini eða náð frændfólk en ákvað að forðast það. Ég reyndi frekar að finna jafnvægið milli þess að tala við fólk sem ég þekkti ágætlega og ég gæti verið viss um að hefði frá mörgu að segja og við fólk sem að ég þekkti ekki svo vel að viðtölin yrðu ekki of hversdagsleg. Það var margt sem ég reyndi að hafa í huga við val á viðmælendum. Það gekk að mestu eftir og ég er ánægður með hópinn sem ég valdi. Það var svo líka margt sem ég þurfti að hafa í huga við viðtölin sjálf.

Þegar eigindleg rannsókn er framkvæmd reynir rannsakandinn yfirleitt að hitta viðmælendur sína í eigin persónu, helst á þægilegum stað þar sem viðmælandanum líður vel. Þá getur viðtalið farið fram að mestu eins og venjulegar samræður, þar að auki getur rannsakandinn lesið í svipbrigði og líkamstjáníngu viðmælandans. Þá er viðtalið tekið upp með upptökutæki eða síma og jafnvel myndavél til þess að ná sem mestum upplýsingum. Þegar ég vann að þessari rannsókn geysaði kórónuveirufaraldurinn í samfélaginu og reyndist það erfitt og óhentugt að taka viðtölin augliti til auglitis. Þar af leiðandi tók ég öll viðtölin, nema eitt, á netinu. Ég þurfti að finna og læra á nýjar aðferðir í viðtalstöku og finna út hvernig best væri að taka upp viðtölin. Ég skoðaði ýmsa möguleika þegar kom að bæði viðtalsmöguleikum og upptökum. Allir höfðu þeir kosti og galla og það var ýmislegt sem þurfti að hafa í huga. Ég þurfti að vera viss um að allir hefðu aðgang að því forriti eða þeim útbúnaði sem viðtölin yrðu tekin með og ég þurfti að vera viss um að ég gæti tekið viðtölin upp. Fyrsta lausnin sem mér datt í hug var að hringja í viðmælendur mína og taka upp símtalið. Flestir ef ekki allir

Íslendingar hafa aðgang að síma í dag svo það hefði verið alveg öruggt að ég næði tali af viðmælendum mínum. Það gekk hinsvegar illa að taka upp símtölin því einu forritin sem að buðu upp á það gerðu mér aðeins kleift að taka upp það sem að ég sagði í símann en ekki það viðmælandinn sagði. Þar af leiðandi gekk þessi aðferð ekki upp.

Næsta lausn var að taka viðtali yfir netið, á spjallforriti á við Zoom eða Facebook. Þá þurfti ég hinsvegar að ákveða hvort ég vildi eiga möguleika á myndupptöku með viðtalinu eða sleppa því og fá frekar betri hljóðgæði en vegna þeirra aðstæðna sem að ég bjó við þurfti ég að fórna hljóðgæðum ef ég vildi nota myndavél. Ég ákvað að fórna myndavélinni fyrir betri hljóðgæði. Það var vissulega galli að geta ekki séð fólkið sem að ég tók viðtöl við. Það skorti þær upplýsingar sem maður fær með því að lesa í svipbrigði og líkamstjáningu fólks þegar það talar. Þetta voru hinsvegar óumflýjanleg vandamál í ljósi aðstæðna í samfélaginu. Til þess að taka upp viðtölin sótti ég forrit í tölvuna sem að gerði mér kleift að taka upp bæði mynd og hljóð í tölvunni. Ég komst að vísu að því í fyrsta viðtalinu að þetta forrit bauð bara upp á að taka upp í 10 mínútur í senn. Fyrsta viðtalið klikkaði því aðeins og í það vantar stutta búta þar sem að upptökur mætast. Ég var sem betur fer heppin að því leiti að upptökurnar kláruðust ekki á mikilvægum hlutum viðtalsins. Ég var einnig snöggur að hefja upptökuna á ný og því vantar engar mikilvægar upplýsingar í viðtalið. Fyrir næsta viðtal leysti ég þetta vandamál með því að borga fyrir forritið og gat þannig tekið upp eins lengi og þurfti.

3.1.1 Kristín Sóley Björnsdóttir

Kristín Sóley var fyrsti viðmælandinn minn. Hún er fædd á Siglufirði 1971 og alin upp víða um Norðurland. Hún hefur búið á Akureyri síðastliðin átján ár þar sem hún hefur m.a. unnið að skipulagi Miðaldadaganna á Gásum. Hún er því ein af upphafskonum daganna. Eftir að hafa mælt okkur mót á Facebook tók ég við hana viðtal á netinu upp úr hádegi 27. nóvember. Viðtalið gekk að mestu vel en eins og áður kom fram var smá vandamál með upptökuforritið. Viðtalið við Kristínu var með aðrar áherslur en hin viðtölin sem ég tók. Kristín hefur staðið að skipulagi Miðaldadaganna frá upphafi svo ég gat fengið hana til þess að segja mér frá því hvernig Miðaldadagarnir hófust og hvert skipulagið á bakvið þá hefur verið í gegnum árin. Kristín tók líka þátt á Gásum sem miðaldakona svo ég gat líka spurt hana sömu spurninga og ég spurði aðra viðmælendur mína. Spurningar um lífið á Gásum, hvað fólk gerir, hvernig það klæðir sig og annað slíkt.

3.1.2 Beate Stormo

Næst talaði ég við Beate. Beate er fædd 1972 í norður Noregi og alin þar upp. Í dag er hún bóndi í Kristnesi í Eyjafirði. Hún er ein af þremur handverkskonum sem voru fengnar til þess að vera með og sýna handverk á fornleifasvæðinu á Gásum 2003 og er því ein af upphafskonum Miðaldadaganna. Rétt eins og með Kristínu hafði ég samband við Beate gegnum *Facebook* og tók viðtal við hana á netinu. Ég tók viðtalið seinni partinn þann 7. desember. Ég var búinn að leysa upptökuvandamálin frá því í síðasta viðtali og gekk viðtalið vel.

3.1.3 Jón Gestur Björgvinsson

Jón Gestur er fæddur 1983 í Reykjavík, hann er meðlimur í skýlmingahópnum Rimmugíg og hefur tekið þátt bæði á Miðaldadögunum á Gásum og Víkingahátíðinni í Hafnafirði. Ég tók tvö viðtöl við Jón Gest og var hann bæði þriðji og síðasti viðmælandinn minn. Fyrri viðtalið við Jón Gest var kvöldið 8. desember og rétt eins og fyrri viðtölin fór það fram á netinu. Viðtalið var stutt en hnitmiðað og gekk stórslysalaust. Ég komst að því þegar ég hóf vinnu við að skrá viðtalið að ég hafði ekki spurt eins góðra spurninga og ég hefði getað gert. Ég hafði því aftur samband við Jón Gest og tók við hann annað viðtal þann 14. apríl 2021. Viðtalið gekk vel og mér tókst að bæta upp fyrir þær spurningar sem mér mistókst að spyrja í fyrra skiptið.

3.1.4 Ásrós Helga Guðmundsdóttir

Ásrós Helga var yngsti viðmælandinn minn. Hún er fædd 2001 á Vestfjörðum og hefur búið þar allt sitt líf. Hún hafði ekki verið með á Gásum nokkur síðastliðin ár þegar viðtalið var tekið. Hún hafði hinsvegar tekið þátt frá því að hún var sex eða sjö ára og gat því sagt frá því hvernig það var að vera barn á Gásum. Ég talaði við Ásrós um hádegisbil 10. desember. Það stóð til, eins og með fyrri viðtölin að taka viðtalið á *Facebook* en það lá niðri. Eftir örlítið bras enduðum við á að taka viðtalið á *Skype*. Fyrir utan þessa byrjunarerfiðleika gekk viðtalið vel.

3.1.5 Jónína Björg Magnúsdóttir.

Jónína Björg er fædd 1965 á Akranesi. Þar óx hún úr grasi og býr en í dag. Hún er mikil athafna kona og hefur tekið þátt í ýmsum viðburðum. Meðal annars Víkingahátíðinni á Hafnafirði og Miðaldadögunum á Gásum. Ég ræddi við Jónínu seinni partinn sama dag og ég ræddi við Ásrós. *Facebook* var komið í lag og ég gat tekið viðtalið þar eins og ég hafði gert með fyrri viðtöl. Jónína var ein af þeim sem ég taldi að hefði frá mörgu að segja og viðtalið gekk prýðilega.

3.1.6 Þráinn Ingólfsson

Þráinn er fæddur 1993 og var því næst yngsti viðmælandinn minn. Hann er fæddur á Suðurlandi en hefur búið víða um land. Hann hefur oft verið í Eyjafirði yfir sumartímann og

tekið þátt á Miðaldadögunum nánast frá upphafi. Því tel ég hann, ásamt Kristínu og Beate, sem einn af þremur Norðanmönnum sem ég ræddi við.

Viðtölin við Beate, Jón Gest, Ásrós og Jónínu tók ég á þremur dögum. Það leið aðeins lengri tími þar til ég tók viðtalið við Þráinn en það var 2. janúar 2021. Viðtalið var líka eina viðtalið sem var tekið í persónu. Við vorum báðir fyrir norðan í jólafrí, við nýttum því tækifærið og tókum viðtalið heima hjá mér. Það var góð tilbreyting að taka viðtal í persónu og það gekk vel.

4 Greining

Nú hefur verið farið yfir þau hugtök sem munu nýtast við þessa rannsókn. Það hefur verið farið yfir aðferðafræðina og viðmælendurnir hafa verið kynntir til leiks. Þá er næsta vers að fara yfir þemun sem komu fram í viðtölunum, bera þau saman við hugtökin og svara spurningunni sem var lagt upp með að svara í upphafi ritgerðarinnar. Voru Miðaldadagarnir á Gásum hátíð?

4.1 Upplifun af Gásum

Að undanskildu viðtalinu við Kristínu Sóleyju, byrjaði ég öll viðtölin eins. Eftir að viðmælendurnir voru búnir að kynna sig bað ég þá um að segja mér frá Miðaldadögum á Gásum. Samantekt á svörum þeirra gefur góða mynd af miðaldadögum. Hér verður því farið yfir svörin þeirra og þau svo borin saman.

4.1.1 Beate

Eins og áður hefur komið fram er Beate ein af þremur handverkskonum sem voru fengnar til að sýna miðaldahandverk á fornleifasvæðinu á Gásum. Hún var því með frá upphafi og hafði frá ýmsu að segja. Hún byrjaði á að segja frá upphafi og þróun miðaldadaganna. Allt frá því hvernig hún, ásamt tveimur öðrum handverkskonum, var beðin um að vera með handverk til sýnis við messu sem var haldin á fornleifa svæðinu (BB2_2020). Hún sagði frá því hvernig aukinn metnaður miðaldarfólks og fjölgun þess hafi leitt til þess að miðaldadagarnir voru fluttir frá fornleifasvæðinu og niður á eyrina þar sem miðaldadagarnir voru haldnir eftir það. Það var m.a. gert til þess að vera frjálfsari, til þess að gera það sem þau vildu en það voru strangar reglur um það hvað mátti gera á friðuðu fornleifasvæðinu (BB2_2020).

Það er augljóst að Beate hefur lesið sér mikið til um miðaldir. Hún sagði frá fötunum sem fólk klæddist og hvernig vitað er hvernig fötum mátti klæðast (BB2_2020). Hún sagði líka frá því hvernig Gásir voru á miðöldum og hvernig sú vitneskja hafði áhrif á Miðaldadagana á Gásum:

Ártal sem við erum að, að, höfum verið að vinna með þarna á Gásum eru svona tólf-þrettán- hundruð og það er svona mjög blómlegur tími í rauninni, þannig að við teljum að fólk hafi verið í mjög svona, mjög svona eiginlega flottur fatnaður. Það er líka, af því verslunin var svo mikil.[...] Fornleifauppgreftir á Gásum, sýna að fólk sem hefur dvalið þarna, í bið eftir skip eða koma að gera vöruskipti, að það hafi verið dálítið heldra fólk. (BB2_2020).

Í þessari frásögn sinni sagði Beate líka frá handverkinu sem var unnið að á Gásum, stemmingunni sem það bjó til, hvernig fólk hafi komið saman til þess að leika sér og sýna

almenningi hvernig lífið á miðöldum var og undirbúningnum fyrir Gásir á hverju ári (BB2_2020). Það er ljóst að Beate hafði frá nógu að segja og í máli hennar má fyrst og fremst heyra áhuga og ástríðu.

4.1.2 Jón Gestur

Eins og áður kom fram var viðtalið við Jón Gest stutt og hnitmiðað. Það kemur fram í svari hans við þessari opnu spurningu. Hann lagði áherslu á sviðslistina, að Gásir hafi verið fyrir alla og þeir hafi snúið að öllum hliðum lífsins (BB3_2020).

4.1.3 Ásrós

Eins og Jón Gestur lagði Ásrós áherslu á performansinn. Hún líkti Gásu við leikrit þar sem Gásverjar settu sig í karakter (BB4_2020). Hún lagði líka áherslu á metnað Gásverjanna og hve strangar reglurnar voru á Gásu:

Af því þetta er alveg, lagður metnaður í þetta, og hérna, passað upp á ýmis svona smáatriði sem mega ekki sjást. Eins og gleraugu og allskonar fatnaður og svona. Þannig að, þetta er mjög vel gert og ég tel að þetta sé nokkuð sannfærandi fyrir gesti (BB4_2020).

Það verður farið betur yfir ströngu hlið Miðaldadaga á Gásu seinna í þessari ritgerð.

4.1.4 Jónína

Í sinni frásögn lagði Jónína áherslu á félagsskapinn, hve mikið betra nýja svæðið var en það gamla og hversu sorgleg það sé að Gásir hafi ekki vaxið og orðið stærri. Hún byrjaði á að rifja upp fyrstu árin sem hún tók þátt á Gásu og hversu ómerkilegt henni þótti svæðið (BB5_2020):

Já, mig langar dálítið að segja frá því að fyrsta árið, ég held fyrsta frekar en fyrstu tvö, þá vorum við á einhverju skrambans þýfi sem ég skildi ekkert að það væri verið að halda Miðaldadagana þar. En þá kom í ljós að þetta voru rústirnar af gömlu búðunum, sem mér finnst alveg óheyrilega sorglegt að landið leggi ekki til pening til þess að grafa upp og gera þetta að merkisstað, að þeim merkisstað sem þetta ætti að vera (BB5_2020).

Á svipuðum nótum talaði hún um hversu mikil synd það væri að Miðaldadagarnir hafi bara verið yfir eina helgi. Hún hefði viljað sjá kirkju reista á svæðinu og miðaldadagana haldna í allavegana mánuð (BB5_2020). Hún talaði svo um að þótt vinnan væri oft mikil í kringum Gásir væru miðaldadagarnir alltaf skemmtilegir. Hún hafði gaman af því að hitta og tala við allt það fólk sem kíkja á hana í tjaldið þar sem hún seldi sitt handverk og hún hafi fengið að hitta fjölskyldu og vini sem búa á Norðurlandi (BB5_2020).

4.1.5 Þráinn

Í sínu svari sagði Þráinn frá þróun miðaldadaganna, sínu hlutverki á Gásum og hvað honum þótti skemmtilegast þar. Rétt eins og Beate og Jónína hafði Þráinn verið með síðan á gamla svæðinu. Hann hafði vísu ekki eins slæma hluti að segja um það svæði og þær, hann nefndi svæðið aðallega í samhengi við stækkun og þróun miðaldadaganna (BB1_2021). Í sambandi við þróun Gása nefndi Þráinn líka hlutverk sitt á miðaldadögum. Það hafði ekki þróast eins mikið og Miðaldadagarnir sjálfir en hann sagði það alltaf hafa verið að vera til staðar, glensa og vera sýnilegur (BB1_2021). Að lokum sagðist hann ekki hafa lesið sér mikið til eða kynnt sér miðaldir. Hann hafi komið á Gási til þess að vera með og taka þátt í samfélaginu (BB1_2021).

4.1.6 Samantekt á svörum viðmælenda um hvað þeim finnst Gásir vera

Það er ljóst að viðmælendurnir höfðu frá ýmsu að segja. Áherslurnar voru mismunandi en það voru mörg sameiginleg þemu. Helstu þemun sem komu upp voru þróun og stækkun hátíðarinnar, performans Gásverja og félagsskapurinn. Beate, Jónína og Þráinn töluðu öll um þróun og stækkun miðaldadaganna. Þau gerðu það öll í sambandi við gamla svæðið og flutninginn yfir á nýja svæðið. Bæði Beate og Jónína voru mjög ánægðar með flutningana en Þráinn talaði ekkert um hvort annað væri betra en hitt. Allir viðmælendurnir, fyrir utan Jónínu, töluðu um sviðslist. Eins og áður kom fram var það misstór hluti af frásögnum þeirra. Það var aðalhluti frásagnar Jóns Gestis og Ásrósar en minni í frásögn Beate og Þráins. Það kom meira fram um performans þegar viðtölin héldu áfram. Félagsskapur og samfélag var stór hluti í frásögn Jónínu og Þráins. Þráinn talaði um félagsskapinn sem einn helsta kost Gása en Jónína talaði frekar um hann sem jákvæðu hliðina af því að sitja í búðinni sinni allan daginn.

4.2 Sviðslist - Performans

Eins og var nefnt hér fyrir ofan töluðu flestir viðmælendur mínir um sviðslist, í einhverri mynd, í kynningu sinni á Miðaldadögum. Nína var sú eina sem talaði ekki um performansinn í byrjun viðtalsins en hún gerði það þegar leið á viðtalið. Performansinum, sem átti sér stað á Gásum, má skipta í fernt. Það er hversdagslegur performans, þar sem Gásverjar settu sig í karakter og sýndu sig fyrir gestum. Leikþættirnir sem Norðanmenn stóðu fyrir. Bardagarnir sem Rimmugýgur stóð fyrir og leikþættirnir í kringum þá. Svo var það tónlist og dans. Hér verður farið yfir alla þessa þætti.

Fyrir í þessari ritgerð, þegar sviðslist var útskýrð, var rætt um óræða performansinn. Þann sem á sér alltaf stað í samskiptum fólks. Þessi performans átti sér vitaskuld stað á Gásum en

hann var dálítið öðruvísi en í daglegu lífi. Ásrós líkti Gásum við leikrit. Þar sem fólk klæddi sig í búninga, setti sig í karakter og sýndi sig fyrir almenningi (BB4_2020). Þetta var þó ekki eins og venjulegt leikrit með handriti og leikstjóra. Gásverjar áttu nokkuð eðlilega daga á meðan Miðaldadögunum stóð. Þeir voru til staðar og áttu í eðlilegum samskiptum við aðra Gásverja og gesti. Nema þeir þurftu að vera í karakter, þeir máttu ekki segja og gera hvað sem er. En það verður rætt betur hér á eftir.

Það var þó ekki allur performans á Gásum svona hlutlaus. Norðanmenn stóðu fyrir leikþáttum eða örleikritum á Gásum í fjölda mörg ár. Það var Gásverji að norðan sem skrifaði handrit og leikstýrði öðrum Gásverjum í leiknum (BB1_2021). Beate lýsti þeim þannig að þetta voru bara eðlilegir atburðir sem áttu sér stað á Gásum, eitthvað sem gerðist bara allt í einu (BB2_2020). Leikþættirnir byrjuðu oft á einhverjum hrópum eða köllum til þess að draga að sér athygli gesta og fá þá til að safnast saman á þeim stað sem að leikþátturinn var að fara að eiga sér stað. Kannski voru sölukonur að auglýsa varning eða trúður að leika listir sínar. Leikþættirnir fjölluðu oft um þjófna sem stálu einhverju og var svo refsað fyrir (BB1_2021, BB5_2020). Bæði Beate og Þráinn nefndu leikþátt sem endaði á því að hendi var höggvin af þjófnum til þess að refsa honum (BB1_2021, BB2_2020). Önnur vinsæl refsing í leikþáttunum var að setja þjófinn í gapastokk og henda í hann eggjum.

Eggjakastið var ekki alltaf hluti af þessum skrifuðu og leikstýrðu leikþáttum. Þráni datt það í hug eitt árið að láta kasta í sig eggjum. Það voru spunnir stuttir leikþættir í kringum það til þess að koma honum í gapastokkinn. Hann svindlaði í leikjum, stal eða var með aðrar óspektir (BB1_2021). Eggjakastið vakti mikla lukku meðal gesta og Gásverja og í seinni tíð var það orðið fastur liður á dagskrá sem að margir gestir biðu eftir:

Þannig þetta hefur orðið svona eitt af, eitt af svona skemmtilegu atriðunum sem að fólk virðist alveg bíða eftir líka, sérstaklega krakkarnir sem koma ár frá ári. Það er náttúrulega komið og togað í ullarklæðin hjá manni og spurja hvenær ég fer í gapastokkin (BB1_2021).

Eggjakastið var eftirminnilegt en flestir viðmælenda minna töluðu um það á jákvæðu nótnunum og áttu greinilega góðar minningar af því.

Aðskilið þessu voru svo bardagarnir sem Rimmugýgur stóð fyrir og leikþættirnir í kringum þá. Bardagarnir sjálfir voru meira eins og íþrótt heldur en leikrit. Bardagamennirnir æfðu hreyfingarnar og bardagana allan veturinn og í bardögunum sjálfum var sigurvegarinn sjaldan fyrir fram ákveðinn (BB2_2021). Í kringum þessa bardaga voru svo leikþættir sem sögðu

söguna á bak við bardagann. Þessir leikþættir voru ekki eins og leikþættirnir sem voru nefndir hér að ofan en það var enginn leikstjóri eða handrit (BB2_2021). Leikritin byggðu að miklu leiti á spuna. Hópurinn ákvað oftast með u.þ.b. klukkutíma fyrirvara hver söguþráðurinn átti að vera í grófum dráttum (BB2_2021).

Að lokum voru það tónlistaratriðin. Jónína var sú eina sem nefndi tónlist á Gásum en henni fannst hún spila þátt í að gera staðinn líflegri (BB5_2020). Hún sagði frá eigin söngatriðum sem hún hafði verið með öðrum Gásverja, söngatriðum sem hópar frá Akureyri höfðu verið með og tónlistaratriði sem kjarnahópurinn að norðan hafði verið með (BB5_2020). Þessum tónlistaratriðum fylgdi oft dans. Á sama tíma og tónlistarmennirnir fóru um svæðið í leit hvor að öðrum til þess að geta hafið atriði fóru Gásverjar af yngri kynslóðinni sömuleiðis um svæðið að safna mannskap í dans. Dansinn var einfaldur og það var auðvelt að fá bæði Gásverja og gesti til þess að taka þátt. Þessi tónlist og dans var gott uppbrót og blés lífi í mannskapinn á svæðinu. Á svæðinu mátti líka oft heyra tónlist þótt að ekkert ákveðið atriði hafi átt sér stað. Jónína tók fram í sambandi við búðina sína flauturnar sem að maðurinn hennar smíðar (BB5_2020). Hann þurfti vitanlega að passa að flauturnar virkuðu áður en hann seldi þær og því mátti heyra flautuleik yfir daginn þegar hann prófaði flauturnar.

Sviðslistin á Gásum var mikil, bæði atriði sem falla undir augljósa performansinn, á við leikþætti, bardaga og tónlistaratriði og óræði performansinn sem á sér alltaf stað í daglegu lífi fólks. Gásverjar þurftu hinsvegar að hafa þennan óræða performans sérstaklega í huga og passa að haga sér eftir tíðarandanum á miðöldum. Það var margt sem Gásverjar þurftu að huga að í sínum performans og reglurnar voru nokkuð strangar.

4.3 Strangar reglur á Gásum

Gásakaupstaður var vel staðsettur fyrir Miðaldadaga. Svæðið var afmarkað með girðingu, brekku og klettum svo innan svæðisins sást lítið sem ekkert í byggingar, bíla eða annað sem minnti á nútímann. Tjöldin, borðin, bekkirnir og restin af leikmyndinni var vönduð og reynt að gera á þann hátt að það gæti hafa verið til á miðöldum. Svæðið og sviðsmyndin spiluðu því stórt hlutverk í að veita gestum góða upplifun (BB1_2020). Svæðið og leikmyndin var hins vegar ekki nóg og Gásverjar þurftu að leika sitt hlutverk.

Í skjali, sem deilt hefur verið á *Facebook* hóp ætluðum Gásverjum, eru ýmsar upplýsingar fyrir þátttakendur á Gásum að hafa í huga meðan á miðaldadögunum stóð (Gásverjar, 2015). Í þessu skjali má finna grunnupplýsingar um tímabilið sem Miðaldadagarnir áttu að vera á,

upplýsingar um föt, hvernig átti að tala og hvað mátti alls ekki gera. Í kaflanum um fatnað er fyrst og fremst fjallað um hverskonar fatnaður var í tísku á þessu tímabili en það er líka bent á visst skart sem á frekar heima á víkinga hátíð heldur en á miðaldadögum, fólk minnt á að nota ekki flís og annað nútíma efni og að ef fólk hafi ekki aðgang að skóm, sem voru oft erfiðir að útvega sér, að vera ekki í hvítu vörumerkja skónum sínum heldur frekar í brúnum, lítillátum leðurskóm. Í skjalinu eru Gásverjar minntir á að tala í nútíð en ekki þátíð „Ég er að hnýta hnút en ekki: svona hnýttu menn hnúta“. Þá er farið yfir í skjalinu hvað á alls ekki að gera. „Ekki vera með síma, nútíma skart eða farða. Ekki vera með plastflöskur og nútímafæðu í gerviefnaumbúðum. Ekki tala um nýjasta bílinn og hvað þú sást á netinu. Ekki reykja“. Þetta eru allt atriði sem að Gásverjar þurftu að hafa í huga. Að vísu nefndi enginn viðmælenda minna þetta skjal og sjálfur hafði ég ekki lesið það fyrr en fyrir þessa ritgerð. Engu að síður ríktu strangar reglur á svæðinu og skiptu Gásverja miklu máli.

Allir viðmælendur mínir komu inn á það hve strangir hlutirnir gátu verið á Gásum og hve mikilvægt það var. Það var helst í sambandi við fatnaði og mat. Þeir viðmælendur mínir sem höfðu líka tekið þátt í víkingahátíðum nefndu allir muninn á fötunum. Þeir sem notuðu gleraugu nefndu þau og sumir nefndu skartgrip. Flestir viðmælendur mínir nefndu svo matargerðina á svæðinu og nútíma- eða matartjaldið. Ég bað alla viðmælendur mína að segja mér frá klæðaburði þeirra á Miðaldadögunum á Gásum. Þeir sem höfðu tekið þátt í víkingahátíðum gerðu það að miklu leiti í samanburði við víkingafötin sín:

Já. Sko, á Gásum þá þarf ég aðeins að brjóta út frá norminu mínu sem er víkingaskýlmingar. Þar sem þetta er fjögur- fimm hundruð árum seinna heldur en þar sem maður er venjulega klæddur. Þannig að á Gásum þá hef ég þurft að breyta aðeins út frá því (BB3_2020).

Svona hóf Jón Gestur að segja frá fötunum sínum. Hann sagði svo frá hverju klæði fyrir sig í samanburði við fötin sem hann hefur notað sem víkingur (BB3_2020). Frásögn Jónínu var svipuð en hún bar fatnaðinn saman í aðeins stærri dráttum (BB5_2020). Víkingarnir þurftu líka að passa upp á skartgripina sína:

Það er, það hefur oft verið talað um að þetta er sko ekki víkinga hátíð, þetta er miðaldahátíð. Og það á alveg að vera skýrt að við erum ekki víkingar sem erum þarna á Gásum hvert ár. Þetta eru fólk frá miðöldum, og hérna. Þannig að við þurfum að passa að vera ekki með of mikið af skartgripum (BB5-2020, 4).

Ásrós lýsti því þarna vel hve mikilvægt það var að vera ekki með skart frá vitlausu tímabili.

Það voru þó ekki bara víkingarnir sem þurftu að passa upp á klæðaburð og skart. Þráinn nefndi skófatnaðinn sérstaklega:

Oft hefur fólk lagt mikið upp með hénna, hvað eigum við að segja, efri klæði, langhosur og og hénna kirtla og kjóla, svo sér maður bara fólk í gúmmístígvélum eða gönguskóm, og það er náttúrliga eitthvað sem er náttúrliga. Og ég horfi náttúrliga mikið á. Þetta er náttúrliga stranglega bannað (BB1_2021).

Kristín Sóley talaði um að hafa tekið niður nútímaskartið og vera frekar með hálsmen úr rafperlum (BB1_2020). Ásrós, Jónína og Kristín Sóley töluðu allar um að vera ekki með gleraugu og Kristín sagði þetta vera eina skiptið sem hún setti í sig linsur (BB1_2020, BB4_2020, BB5_2020). Að lokum var það svo maturinn.

Á Gásum tíðkaðist að vera með kjötsúpu í hádeginu fyrir Gásverja (BB1_2021). Hópur Gásverja kom saman fyrir hádegi og aðstoðaði við matseldina. Það þurfti að sækja og höggva eldivið, halda bálinu við og skera grænmeti. Þarna kom hópur Gásverja, bæði ungir og gamlir og lögðu hönd á plóg. Eldstæðið sem súpan var elduð við var því ákveðinn miðpunktur svæðisins. Það mátti hins vegar ekki nota hvað sem er í súpuna:

Þá náttúrliga hefur þurft að spá í þetta að kartöflur voru ekki búin að, þær voru ekki komnar inn á markaðinn þessum tíma, þannig það á ekkert að vera kartöflur í þessi súpu. En náttúrliga kjöt, og við höfum notað lambakjöt eða nautakjöt í súpunni og, og herna. Já, grænmeti, þá höfum við verið með gulrætur og rófur og, og lauk, sem við teljum að hafi verið svona líklegt á þessum tíma (BB2_2020).

Súpan var hins vegar ekki það eina sem Gásverjar höfði sér til matar.

Margir viðmælenda minna töluðu um matar- eða nútímatjaldið. Þetta tjald var lokað og gestir fengu ekki að fara inn í það. Þarna var allskonar nútímamatur á við kaffi og samlokubrauð, sem að Gásverjar gátu nartað í (BB2_2020). Það var hins vegar mjög mikilvægt að taka ekki nútímatinn út úr þessu tjaldi (BB2_2020, BB4_2020, BB5_2020). Það gat oft verið mikill léttir að fara í matartjaldið. Þar gátu Gásverjar sleppt öllum performans, tekið því rólega, fengið sér kaffibolla og dottið á létt spjall. Það var því ekki óalgennt að tjaldið væri fullt af Gásverjum sem þurftu að taka sér smá pásu frá reglum Miðaldadaganna.

Það voru ýmsar reglur sem þurfti að halda á Miðaldadögunum á Gásum. Fólk þurfti að klæðast réttum fatnaði, vera með rétt skart og ekki vera með gleraugu. Það þurfti að nota rétt hráefni í kjötsúpuna og nútímamatur mátti ekki koma út úr nútímatjaldinu. En þessar reglur giltu bara á meðan svæðið var opið fyrir gesti.

4.4 Eftir lokun

Að ég hafi sjálfur tekið þátt á Miðaldadögunum á Gásum kom sér oft vel í viðtölunum. Ég gat spurt viðmælendur mína út í hluti og fengið frásagnir sem hefðu sennilega ekki komið fram ef ég væri ekki Gásverji sjálfur. Ein af þessum frásögnum var hvað gerist eftir lokun, eftir að gestirnir voru farnir. Svörin skiptust nokkurn veginn í tvennt. Þeir sem höfðu gist á svæðinu og þeir sem höfðu ekki gist. Ásrós, Jón Gestur og Kristín voru þeir viðmælendur mínir sem höfðu ekki gist á svæðinu. Svörin þeirra byggðust öll á frágangi, sameiginlegum mat og stuðinu í kringum hann. Jón Gestur lagði áherslu á fráganginn en konan hans var með bás á Gásum og það var því nóg af dóti að bera út í bíl (BB3_2020). Ásrós og Kristín sögðu minna frá fráganginum. Þær lögðu meiri áherslu á matinn og samskiptin í kringum hann. Ásrós tók fram að eftir lokun hafi oft verið dálítið stuð í hópnum (BB4_2020). Kristín Sóley tók fram að þarna hefði fólk tækifæri til að spjalla og kynnst nýjum Gásverjum (BB1_2020). Á meðan svæðið var opið og gestir á svæðinu höfðu Gásverjar ekki alltaf góðan möguleika á að hitta hvorn annan. Margir voru með sitt eigið tjald og söluvarning sem það átti erfitt með að yfirgefa. Þegar sameiginlegi maturinn var, rétt eftir lokun, gafst Gásverjum því loksins tækifæri til að spjalla við nágranna sína og tekið það spjall um lífið utan Gása. Ásrós talaði líka um stemminguna, þar sem þeir sem eru ekki að norðan, komu saman og gistu. Fólk hafði t.d. fengið gistingu í skólum og þar var mikið stuð (BB4_2020). Það var líka mikið stuð hjá þeim sem gistu á Gásum.

Þráinn, Beate og Jónína voru þeir viðmælendur sem höfðu gist á svæðinu. „Þá gerist galdurinn“ (BB1_2021) sagði Þráinn þegar ég spurði hann hvað gerðist eftir lokun. Jónína líkti stemmingunni við kvöldvöku, þar sem fólk kemur saman og spjallar fram á kvöld (BB5_2020). Venjan var sú að halda einu báli gangandi fram á nótt, sitja í kringum það, drekka, borða og spjalla fram eftir kvöldi. Beate nefndi að fyrir suma hafi þetta verið skemmtilegasti tími helgarinnar, meðal annars út af auknu frelsi. Þá mátti tala um hvað sem er, meira að segja sjónvarp, eitthvað sem var ekki ásættanlegt á meðan gestir voru á svæðinu. Þarna dró fólk líka fram samloku brauðið og annan nútímamat sem þurfti annars að vera inni í matartjaldinu (BB2_2020). Þráinn tók það fram að flestir hafi verið í miðaldafötunum allt kvöldið en það þýðir þá að sumir hafi farið úr þeim og klæðst nútímafatnaði (BB1_2021). Ef veður leyfði stungu sér sumir til sunds í sjónum, þá var gott að komast í þæginleg nútímaföt og geyma miðaldabúninginn til morguns. Fólk fór svo í leiki, bæði miðaldaleiki á við knattleik og bogfimi og nútímaleiki eins og t.d. þrírsnertahlut (BB1_2021). Þá neytti fólk áfengra drykkja, stundum

í óhófi (BB2_2020). Stundum var talað um, þegar einhverjir voru komnir full mikið í glas að það væri ef til vill við hæfi að það væru nokkrir drykkjubúnnir menn á svæðinu næsta dag. Það hefði án efa átt sér stað á miðöldum líka. Það er nokkuð ljóst að eftir að gestirnir voru farnir losnaði um ýmsar hömlur sem giltu á meðan þeir voru á svæðinu.

4.5 Hátíð, karnival og gróteska

Eins og kom fram í kaflanum um skilgreiningu hátíða féllu Miðaldadagarnir á Gásum nokkuð vel að skilgreiningum hátíða, bæði út frá orðabókum og hugmyndum Stoeltje um hátíðir. Það er hinsvegar vafamál hversu vel Miðaldadagarnir stemma við hugmyndir Bakhtin um karnival og grótesku. Hér verður rifjað upp, í stuttu máli hvernig Gásir stemmdu við skilgreiningar á hátíð og með upplýsingar úr viðtölunum að vopni verður skoðað hversu vel karnivalið og gróteskan stemma við Miðaldadagana, sérstaklega eftir lokun.

Í hugtakakaflanum var hugtakið hátíð skoðað í nokkrum orðabókum og skilgreiningar þeirra teknar saman. Skilgreiningarnar voru þessar: Hátíðir eiga sér stað á ákveðnum tíma, þeim fylgir gleði, þær fagna oft ákveðnum atvikum, oft trúarlegum, á þeim er oft sérstakur matur og á þeim eru oft ákveðnar athafnir, oft trúarlegar. Eins og kom fram í hugtakakaflanum stemma þessar skilgreiningar nokkuð vel við Miðaldadagana á Gásum. Þeir áttu sér stað á afmörkuðum tíma, þeim fylgdi mikil gleði og það var ákveðin matur sem fylgdi hátíðinni. Gásir voru aftur á móti ekki tileinkaðar neinu sérstöku atviki og það voru engar sérstakar athafnir sem áttu sér stað. Í hugtakakaflanum var líka farið yfir sex atriði sem að Stoeltje taldi mikilvæg í hátíðum.

Þau voru: opnunarathöfn, helgiathöfn, drama og keppni, veisla, tónlist og dans og lokun hátíðarinnar. Þessi atriði stemma öll, við Gásir, nema helgiathöfnin. Það er því hægt að segja það með þó nokkru öryggi að Miðaldadagarnir á Gásum hafi verið hátíð.

Hér má einnig spyrja hvernig karnivalískir þættir og jafnvel gróteska komu fram á Miðaldadögum? Eins og kom fram í hugtakakaflanum er gróteska almennt séð upphafning þess líkamleg og ósmekklega. Gróteskan getur líka upphafið þætti á borð við mat, áfengi og kynlíf. Þessir þættir eiga ekki sérstaklega vel við Gásir, hvorki eftir lokun né þegar gestir voru á svæðinu. Hið líkamlega, það ósmekklega og kynlíf var ekki upphafið. Áfengi var til staðar eftir lokun, stundum í óhófi. Það var sameiginlegur matur en hann var ekki í aðalhlutverki, hvorki fyrir né eftir lokun. Gróteskan getur þó upphafið önnur atriði. Gróteska er andsvar við ströngum reglum samfélagsins og upphefur það sem er bannað. Það voru strangar reglur í

gildi fyrir Gásverja á meðan gestir voru á svæðinu og því má mögulega finna einhverskonar grótesku eftir lokun. Karnival í sinni einföldustu mynd er, rétt eins og gróteskan, svar við hinu alvarlega og stranga í lífinu. Karnival er nokkurskonar hátíð þar sem að gróteskan er ríkjandi. Það má því, rétt eins og það má finna grótesku eftir lokun, kalla tímabilið eftir lokun karnivalískt.

Eins og áður kom fram var margt sem þurfti að hafa í huga á Gásum og strangt tekið á ýmsu. T.d. hvaða matur var borðaður, hvernig fólk klæddi sig og um hvað það talaði. Þessar reglur voru allar brotnar eftir lokun, þegar gestirnir voru farnir. Fólk borðaði nútíma mat, klæddist nútímafötum og talaði um það sem því sýndist, meira að segja sjónvarpsefni. Með því að líta á þær skilgreiningar á hátíð, grótesku og karnivali sem komu fram í hugtakakafla þessar ritgerðar má því segja að Miðaldadagarnir á Gásum voru hátíð og tímabilið eftir lokun, þegar gestirnir voru farnir, var karnival.

5 Lokaorð

Miðaldadagarnir á Gásum var hápunktur sumarsins hjá mörgum Gásverjum. Fólk kom víða að og átti samverustundir í mat, söng og dansi og segja mátti að ákveðið hátíðarástand hafi ríkt á svæðinu. Þessi ritgerð rannsakar einmitt þetta hátíðarástand sem er meðal annars greint út frá hugmyndum þjóðfræðingsins Stoeltje um hátíðir með skilgreiningar hennar ásamt skrifum Bakhtin um karnival og grótesku. Rannsóknin var unnin sem eigindleg viðtalsrannsókn en eftir að hafa farið yfir kosti og galla þeirra og eftir að hafa borið þær saman við meginlegar rannsóknaraðferðir var ákveðið að þær eigindlegu hentuðu frekar við þessa rannsókn. Tekin voru viðtöl við sex Gásverja fyrir rannsóknina en þeir höfðu frá ýmsu að segja. Margir sögðu frá performansinum sem átti sér stað á svæðinu. Hann kom fram sem hefðbundin en stutt leikrit, bardagar og skylmingar, tónlist og dans. Á Gásum var þó líka að finna, til viðbótar við slíkan performans, óræðari sviðslist. Þessi óræða sviðslist er alltaf til staðar í daglegu lífi fólks en hún var fremur sérstæð í samhengi Miðaldadaganna. Þar þurfti fólk að gæta að því að vera í karakter og passa hvað það sagði, það mátti ekki brjóta ímyndina sem átti sér stað á Gásum. Viðmælendurnir töluðu einmitt flestir um hve strangar reglurnar gátu verið á Gásum. Það var ekki bara það að það mætti ekki tala um hvað sem var. Fötin þurftu líka að vera góð og viðeigandi fyrir tímabilið sem miðað var við. Það þurfti að passa hvað fór í kjötsúpuna sem var borðuð á svæðinu en sem dæmi mátti ekki setja kartöflur þar sem að þær koma frá Ameríku sem hafði ekki verið fundin á miðöldum. Ef að fólk fékk sér annan mat en kjötsúpuna, mat sem að passaði ekki við tímabilið þurfti það að passa að gera það í sérstöku matar- eða nútímatjaldi sem var aðeins ætlað Gásverjum. Þótt reglurnar hafi verið margar voru viðmælendur mínir sammála um að þær hafi verið mikilvægar til þess að veita gestum hátíðarinnar góða upplifun. Það þýddi þó að þessar reglur giltu ekki þegar gestirnir voru farnir. Eftir lokun gátu Gásverjar borðað það sem þeir vildu, klætt sig eins og þeir vildu og talað um það sem þeir vildu. Samkvæmt skilgreiningum Bakhtin um karnival og grótesku að þau séu svör við ströngum reglum samfélagsins, má því segja að eftir lokun hafi ríkt karnivalískt ástand og jafnvel gróteskt. Þá kom fram í einu viðtali að sumum þótti einmitt skemmtilegasti tími helgarinnar hafa verið eftir lokun. Það er hins vegar alveg ljóst að þessi tími hefði aldrei verið eins skemmtilegur og hann var án þess sem á undan kom. Tíminn eftir lokun var því svar við stífari umgjörð Miðaldadaganna í, að nokkru leyti grótesku samhengi, en það var þar og „þá sem galdurinn gerðist“.

Baldur Bergsveinsson

Heimildaskrá

- Bakhtin, Mihail Mikhailovich. (1984). *Rabelais and His World*, þýtt af Iswolsky, Hélène. Bloomington, IN: Indiana University Press.
- Bauman, Richard. (1992). Performance. Í Bauman, Richard (ritstj.), *Folklore, Cultural Performances, and Popular Entertainments: A Communications-centered Handbook*. 41-49. New York: Oxford University Press.
- Ben-Amos, Dan. Toward a Definition of Folklore in Context. Í Bauman, Richard & Parades, Americo. (ritstj.) *Toward New Perspectives in Folklore*, 23. bindi. (önnur útgáfa) Austin, TX: University of Texas press, 1975. 3-15 (1. Prentun 1972)
- Dundes, Alan. (1965). What is Folklore. Í Dundes, Alan (ritstj.) *The Study of Folklore*. New Jersey, NJ: Prentice-Hall, Inc.
- Einar Laxness og Pétur hrafn Árnason. (2015) *Íslandssaga A-Ö*. Reykjavík: Vaka-Helgafell.
- Festival(a). (2021). Í *Cambridge Dictionary*. Sótt af <https://dictionary.cambridge.org/dictionary/learner-english/festival>
- Festival(b). (2021) Í *Oxford learner's Dictionary*. Sótt af <https://www.oxfordlearnersdictionaries.com/definition/english/festival?q=festival>
- Goffman, Erving. (1990). *The Presentation of Self in Everyday Life*. Þriðja útgáfa. Bungay: Penguin Books. Upphaflega gefið út 1959.
- Grotesque. (2021). Í *Oxford learner's Dictionary* Sótt af https://www.oxfordlearnersdictionaries.com/definition/english/grotesque_1
- Hátíð. (2021). Í *Íslensk nútímamálsorðabók: Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum*. Sótt af <https://islenskordabok.arnastofnun.is/ord/18267>
- Noyes, Dorothy. (2016). *Humble Theory: Folklore's Grasp on Social Life*. Bloomington, IN: Indiana University press.
- Performance. (2021). Í *Ensk-Íslenska orðabókin*. Sótt af <https://snara.is/>
- Schechner, Richard. (2013). *Performance Studies: An Introduction*. Þriðja útgáfa. Abingdon: Routledge. Upphaflega gefið út 2002.
- Sims, Martha C. og Stephens, Martine. (2011). *Living Folklore: An Introduction to the study of People and Their Traditions*. Logan, UT: Utah State University Press
- Stoeltje, Beverly. J. (1992). Festival. Í Bauman, R (Ritstj.), *Folklore, Cultural Performances, and popular entertainment: A communications-centered Handbook* (bls. 261-271). New York, NY: Oxford University Press

Yow, Valerie, R. (2005). *Recording Oral History: A Guide for the Humanities and Social Sciences*. Walnut Creek, CA: Altamira press

Heimildir í vörslu höfundar

BB_1.(2020). Viðtal Baldurs Bergsveinssonar við Kristínu Sóley Björnsdóttur 27. nóvember 2020. Í vörslu höfundar.

BB_1.(2021). Viðtal Baldurs Bergsveinssonar við Práinn Ingólfsson 2. janúar 2021. Í vörslu höfundar.

BB_2.(2020). Viðtal Baldurs Bergsveinssonar við Beate Stormo 7. desember 2020. Í vörslu höfundar.

BB_2.(2021). Viðtal Baldurs Bergsveinssonar við Jón Gest Björgvinsson 14. apríl 2021. Í vörslu höfundar.

BB_3.(2020). Viðtal Baldurs Bergsveinssonar við Jón Gest Björgvinsson 8 desember 2020. Í vörslu höfundar.

BB_4.(2020). Viðtal Baldurs Bergsveinssonar við Ásrós Helgu Guðmundsdóttur 10. desember 2020. Í vörslu höfundar.

BB_5.(2020). Viðtal Baldurs Bergsveinssonar við Jónínu Björg Magnúsdóttur 10. desember 2020. Í vörslu höfundar.